

Fundargerð 104. fundar stjórnar SSNV, 5. mars 2024

Þriðjudaginn 5. mars 2024, kom stjórn SSNV saman til fundar á Teams. Hófst fundurinn kl. 9.30. Mætt voru: Guðmundur Haukur Jakobsson, Sólborg S. Borgarsdóttir, Vignir Sveinsson, Jóhanna Ey Harðardóttir, Magnús Magnússon og Katrín M. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Sólborg S. Borgarsdóttir kom inn sem varamaður fyrir Einar Einarsson.

Dagskrá:

- Ársþing SSNV 2024.
- C.1 Sértek verkefni sóknaráætlanasvæða. Viðaukasamningar.
- Samningur við Ferðamálastofu um rekstur áfangastaðastofu Norðurlands.
- Framlögð mál til kynningar
 - Fundargerðir
 - Umsagnir
- Skýrsla framkvæmdastjóra.

Afgeiðslur

1. Ársþing SSNV 2024

Fyrri hluti: Yfirferð verkefna og afgreiðslur stjórnar.

Stjórn ákvarðar þingstað, yfirskrift þings og drög að dagskrá.

Ársþing SSNV skal haldið fimmtudaginn 11. apríl 2024 í Félagsheimilinu á Blönduósi í Húnabyggð. Þingsetning er kl. 09.30 og þingslit verða kl. 14.30. Drög að dagskrá yfirfarin og framkvæmdastjóra falið að framfylgja verkefnum þings samkvæmt samtali.

Yfirskrift þings er: *Orkunýting, sjálfbærni og nýsköpun.*

Stjórn SSNV kaus kjörnefnd og formann kjörnefndar fyrir 1.mars 2024 líkt og samþykktir kveða á um. Haft var samband við nefndarmenn og er hér með fært til bókar.

Kjörnefnd SSNV 2024

Álfhildur Leifsdóttir, Skagafjörður
Guðmundur Haukur Jakobsson, Húnabyggð
Halldór Ólafsson, Skagaströnd
Sólborg S. Borgarsdóttir, Skagafjörður
Þorleifur Karl Eggertsson, Húnaþingi vestra – formaður

Stjórn SSNV kys Þorleif Karl Eggertsson, Húnaþingi vestra sem formann kjörnefndar og þakkar Jóhönnu Ey Harðardóttur vel unnin störf sem fráfarandi formaður kjörnefndar.

2. C.1 Sértek verkefni sóknaráætlanasvæða. Viðaukasamningar við samning um sóknaráætlun Norðurlands vestra.

Samningar lagðir fram til kynningar og samþykktar stjórnar. Stjórn samþykkir samninga og felur framkvæmdastjóra að ganga frá samningum, við ríki og í framhaldi þau sveitarfélög sem við á.

Verkefnin á Norðurlandi vestra sem hlutu styrk eru:

Hjartað í Húnaþingi vestra – tæknismiðja til að hvetja nýsköpun og auka fjölbreytni í atvinnulífi. Uppsetning tæknimiðstöðvar í anda FabLab smiðja í samfélagsmiðstöð í félagsheimilinu á Hvammstanga. Koma á upp aðstöðu til nýsköpunar, viðgerða og þróunar fyrir íbúa, sem og aðstöðu fyrir félagsstarf. Fyrirmynd sótt til Finnlands og Borgundarhólms. Upphæð kr. 10.500.000.

Samvinnurými. Skapa á samvinnurými á Skagaströnd með því að standsetja og markaðssetja húsnæði í eigu sveitarfélagsins, skapa forsendur fyrir léttan iðnað í hluta hússins og aðstöðu fyrir frumkvöðla og minni fyrirtæki í öðrum hluta þess. Húsið var áður fiskvinnsluhús. Upphæð kr. 15.000.000.

Tilraunagróðurhús. Nýta á glatvarma frá gagnaveri Borealis á Blönduósi, reisa tilraunagróðurhús og veita frumkvöðlum aðgengi til að prófa og þróa vöru og gera svæðið þannig eftirsóknarvert fyrir matarfrumkvöðla. Orka einnig tryggð með sólarrafhlöðum. Upphæð kr. 15.000.000.

3. Samningur við Ferðamálastofu um rekstur áfangastaðastofu Norðurlands.

Samningur lagður fram til kynningar og samþykktar stjórnar. Stjórn samþykkir samning og felur framkvæmdastjóra frágang og undirritun.

4. Framlögð mál til kynningar

a. Fundargerðir

Stjórn SASS, 2. febrúar 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn SSNE, 7. febrúar 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn SSS, 11. janúar 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, 26. janúar 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, 9. febrúar 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, 23. febrúar 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn SSH, 5. febrúar 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn Vestfjarðarstofu, 14. febrúar 2024. [Fundargerðin.](#)

Stýrihópur Stjórnarráðs um byggðamál, 5. febrúar 2024. [Fundargerðin.](#)

b. Umsagnir

[Samráð um Aðgerðaáætlun landbúnaðarstefnu.](#) 65. mál. Umsagnarfrestur til 21. mars 2024.

[Samráð um Aðgerðaáætlun matvælastefnu.](#) 64. mál. Umsagnarfrestur til 21. mars 2024.

[Drög að tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun til 2030.](#) 63. mál. Umsagnarfrestur til 12. mars 2024.

5. Skýrsla framkvæmdastjóra

Fréttir af starfsemi og staða verkefna.